Safnið er opið yfir sumarið alla daga kl. 10-16. Og yfir veturinn alla daga kl. 13-16.

ÁSMUNDARSAFN



ABSTRAKTLIST ÁSMUNDAR SVEINSSONAR

STJÓRN SAFNSINS:
Hulda Valtýsdóttir, formaður
Ásdís Ásmundsdóttir
Elín Pálmadóttir
Olga Guðrún Árnadóttir
Jóhann Pálsson

SAFNVÖRÐUR:
Gunnar B. Kvaran

Myndaval og hönnun sýningar:
Gunnar B. Kvaran
© Ásmundarsafn, Reykjavík 1987.

Þótt Ásmundur Sveinsson sé þekktastur fyrir höggmyndir sínar af fólki — **Veðurspámaður, Vatnsberi, Járnsmiður**, — þá vann listamaðurinn lengst af sínum listferli að óhlutlægri myndgerð.

En abstraktlist Ásmundar varð ekki til í einu vettfangi heldur óx hún fram og losaði sig smám saman undan augljósri vísun í hlutveruleikann. En þó listamaðurinn hafi horfið frá þekkjanlegum hlutum/formum, þá urðu verk hans sjaldnast hrein abstraktion, — hugleiðing um massa, línur og rými. Því þegar betur er að gáð kemur í ljós að abstraktmyndir Ásmundar hafa oftast til að bera skýra merkingu. Þær eru hlaðnar táknum og goðsögnum, sem fleyta þeim inn í fullkomlega táknræna og allegoríska veröld. En lyklana að merkingu þessara verka er í flestum tilfellum að finna í sögunni, bókmenntum og náttúrunni. Slík abstraktion er í raun abstraktion af einhverju.

Þegar rýnt er í list Ásmundar má glöggt sjá að abstraktlistin átti sér sinn aðdraganda þó svo að straumhvörfin hafi ekki átt sér stað fyrr en hann uppgötvaði járnið um miðjan 6. áratuginn.

Á 5. áratugnum tökum við eftir því að Ásmundur gerist frá-hverfur hinu félagslega raunsæi fyrri verka og tekur til við að skapa út frá Íslendingasögum og þjóðsögum. Í flestum verkum frá þessum tíma leggur listamaðurinn sig eftir að myndgera hugtök — **Heiðreið, Gróður jarðar, Andvarp**, — og um leið að virkja hug-myndaflug áhorfandans. Í þessum verkum heldur Ásmundur í ummyndaðan veruleika, sem minnir um margt á formskrift súrrealismans en hefur þó umfram allt samsvörun í íslenskri náttúru.

Í byrjun 6 áratugarins heldur Ásmundur áfram formrannsóknum sínum frá fyrra áratug samtímis sem myndefnið er orðið huglæg-ara. Hugmyndalegt inntak virðist kalla á óhlutlægt myndamál. Þessi afstaða listamannsins gerir það að verkum, formrænt séð, að myndirnar missa hinu beinu tilvísun í hlutveruleikann og öðlast oft sína sjálfstæðu tilvist. Verkin nefnast nú **Tíminn**, 1951, **Gegnum hljóðmúrinn**, 1951 eða **Galdrahjallur**, 1951, en í því verki hafnar Ásmundur allri ytri vísun og byggir einvörðungu á geometrískum formum, massa og rými. Og má í raun líta á þetta verk sem boðbera þess sem koma skyldi um miðjan áratuginn.

En þótt **Galdrahjallur** megi skilgreinast sem geometrískt verk



Galdrahjallur, 1951.

vinnur listamaðurinn á þessum árum líkt og áður fyrst og fremst með lífræn form sem hann mótar í höndunum. Listamaðurinn hnoðar efnið, leir eða gifs, og er því í raun hluti af sköpunarverkinu sem vex fram líkt og fyrir tilstilli innri hvata.

Á árunum 1955-56 uppgötvaði Ásmundur nýtt efni fyrir listsköpun sína, járnið. Það var raunar löngu fyrr eða í lok 3. áratugarins sem meistararnir Picasso og Gonzales fyrstir listamanna hófu að sjóða saman málma við listsköpun, en það var svo ekki fyrr en á 6. áratugnum sem járnið varð ríkjandi meðal myndhöggvara. Víst er að Ásmundur vissi af tilraunum þeirra Picassos og Gonzales og vel má greina fjarlæg áhrif þeirra í myndhugsun listamannsins. En það sem skiptir meira máli eru vafalítið kynni Ásmundar af verkum Gerðar Helgadóttur og sér í lagi kynni hans af verkum danska myndhöggvarans Roberts Jakobsen. En þrátt fyrir að efnið — járnið — sé utanaðkomandi í list Ásmundar rímuðu formrænir möguleikar þess vel við hugmyndir listamannsins. Líkt og við höfum séð, hafði rýmið fengið aukið gildi í verkum Ásmundar á 5. áratugnum og með járninu varð rýmið í raun hluti af skúlptúrnum. Form tómsins urðu jafnvæg formi efnisins. Búið var að leysa upp „kjarna" höggmyndarinnar. Járnið átti eftir að hafa djúpstæð áhrif á vinnuaðferðir listamannsins og umbreyta allverulega formskrift verka hans. Ásmundur hætti að móta eða höggva út verk sín og lét sér þess í stað nægja að safna saman málmbútum, sem hann notaði í flestum tilfellum óbreytta eða þá að hann lét skera þá út eftir sínum fyrirmælum. Hér var því ekki lengur um að ræða hið beina samband við efnið, heldur stóð listamaðurinn nú utan við sköpunarverkið, valdi og lét sjóða saman eftir sínum tilmælum. Ásmundur hafði fórnað lífrænum formheimi fyrir geometríuna sem þó var að mörgu leyti afar sérstæð og í fæstum tilfellum hrein abstraktion. Því ef grannt er skoðað kemst áhorfandinn að raun um að flestar járnmyndir listamannsins eru í hæsta máta táknrænar líkt og fram kemur í verkum eins og **Trúarbrögðin, Náttúruöflin, Andlit sólar, Eldmessa** og **Tristan og Ísold.**

Út úr verkinu **Trúarbrögðin** sjáum við bát, kross, sólargeisla og öndvegissúlur og skiljum að listamaðurinn vildi í þessari mynd sameina kristni og heiðni í einu listaverki. Í verkinu **Tristan og Ísold** getum við greint klukkuturninn — pýramídaform — tré sem



Tíminn, 1952.


vaxa upp hvort sínum megin við kirkjuna og sameinast fyrir ofan. Og í verkinu **Eldmessa** rís hraunið, en er stöðvað af mætti krossins. Yrkisefnið er sótt í söguna um sr. Jón Steingrímsson. Þannig sjáum við að þótt járnmyndir Ásmundar virðist við fyrstu sýn vera hreinn formalismi hafa þær til að bera afgerandi inntak.

Í lok listferilsins þegar Ásmundur var orðinn háaldraður maður sagði hann skilið við járnið og tók þess í stað til við að slípa steina, sem hann hafði fundið í náttúrunni eða honum höfðu áskotnast á annan hátt. Virðist það ljóst að í þessum verkum hafi hugsunin verið sú hjá listamanninum að undirstrika hin náttúrulegu form steinsins, að halda áfram og ljúka því verki sem náttúran hafði byrjað. Það er því sem listamaðurinn samræmist náttúrunni, vinni/skapi á sama hátt og hún, nema hvað Ásmundur breytir náttúrunni í listaverk. Steinninn hættir að vera steinn og verður þess í stað óhlutlægt listaverk.

Það er erfitt að finna skýringuna á því hvers vegna Ásmundur yfirgaf járnið og tók til við að vinna í stein. Fyrst kemur manni einfaldlega í hug að járnið hafi verið orðið of erfitt viðureignar og að aldraður listamaðurinn hafi ekki lengur ráðið við þung járnverk. Önnur skýring er sú að listamaðurinn hafi kosið hvíld frá hugmyndalegri list og viljað fást við tilfinningalega sköpun þar sem skynjunin, auga/hönd sæti í fyrirrúmi. Að Ásmundur hafi þráð hið beina samband við efnið og formið sem hann hafði yfirgefið 30 árum áður.

Ef reynt er að draga saman abstraktlist Ásmundar getum við með nokkurri einföldun skipt henni í þrjár gerðir. Í fyrsta lagi er um að ræða hugtök sem listamaðurinn myndgerir líkt og **Rafmagn**, **Framtíðin og Tíminn**. Í öðru lagi eru það sögur sem táknaðar eru með formum sem hafa til að bera fjarlæga vísun í viðkomandi hlutveruleika líkt og **Tristan og Ísold, Trúarbrögðin, Lokaráð** og **Fönix**. Og í þriðja lagi verk sem ekki hafa neina ytri vísun og lifa alfarið sjálfstæðu lífi sem hugleiðing um massa, línu og rými. Sjá **Galdrahjallur, Lífsgeisli** og **Í minningu óþekkta höfundarins.**

Það sem einkennir því abstraktlist Ásmundar er þörfin fyrir ytri vísun, frásögn eða táknræna merkingu. Þessi skilningur á abstraktmyndgerð minnir óneitanlega á hugmyndir fyrstu abstrakt-



Jarðeldur, 1960.

listamannanna í byrjun aldarinnar, þeirra sem ekki vildu hlutstæðan samleik forma og efnis, heldur álitu abstraktmyndina ávallt vera runna undan veruleikanum (abstraktion af hraða, abstraktion af borg o.s.frv.). Aftur á móti var afstaða Ásmundar til efnisins fullkomlega í samræmi við samtímann. Hann notaði járn, sem var oft afgangur úr iðnaði, og gerði lítið til að fela uppruna þess. Hann vann lítið sem ekkert í sjálft efnið nema hvað hann málaði gjarnan járnið til að gefa verkinu meiri heildarsvip.

Þegar á heildina er litið er ljóst að abstraktlistin var eðlilegt framhald í list Ásmundar. Hér var ekki um að ræða neina tímabundna tísku heldur 30 ára feril þar sem listamaðurinn vann út frá eigin forsendum og sannfæringu. Abstraktlistin er vissulega veigamesti þátturinn í list Ásmundar Sveinssonar.

Gunnar B. Kvaran



Röntgenminnisvarði, 1960.


ÆVIÁGRIP

Ásmundur Sveinsson fæddist að Kolsstöðum í Dalasýslu 20. maí 1893. Árið 1915 kom Ásmundur til Reykjavíkur og lagði stund á tréskurðarnám hjá Ríkarði Jónssyni. Jafnframt því var hann við nám í Iðnskólanum.

Að loknu tréskurðarnámi haustið 1919 sigldi Ásmundur til Kaupmannahafnar. Var hann þar í teikniskóla einn vetur og naut þar tilsagnar Viggo Brandts. Síðan lá leið hans til Stokkhólms og tók hann þar inntökupróf í Listaháskólann haustið 1920. Nam Ásmundur þar í sex ár og var aðalkennari hans myndhöggvarinn Carl Milles.


Vorið 1926 útskrifaðist Ásmundur frá Sænska listaháskólanum og hélt til Parísar þar sem hann dvaldi næstu þrjú árin og nam m.a. hjá franska myndhöggvaranum Despiau.

Ásmundur kom aftur heim vorið 1929 eftir tíu ára búsetu erlendis. Árið 1933 reisti hann sér hús við Freyjugötu, sem nú er Ásmundarsalur. Árið 1942 hóf hann byggingu kúluhússins við Sigtún og nokkru seinna bætti hann við pýramídunum tveimur. Á árunum 1954—1959 reisti hann svo bogaskemmuna. Ásmundur ánafnaði Reykjavíkurborg listasafn sitt eftir sinn dag. Hann andaðist í Reykjavík 9. desember 1982.



Lífsorka, 1960.

1. Galdrahjallur, 1951, brons.
2. Maðurinn og efnið, 1951, kopar.
3. Björkin, 1952, brons.
4. Gegnum hljóðmúrinn, 1952, kopar.
5. Óðinshrafninn, 1952, kopar.
6. Tíminn, 1952, gifs, járn.
7. Öldugjálfur, 1952, brons.
8. Kyndillinn, 1953, brons.
9. Framtíðin, 1953, brons.
10. Rafmagnið, 1955, kopar.
11. Nafnlaust, vatnslitir.
12. Nafnlaust, vatnslitir.
13. Nafnlaust, vatnslitir.
14. Nafnlaust, vatnslitir.
15. Nafnlaust, vatnslitir.
16. Nafnlaust, vatnslitir.
17. Nafnlaust, blýantur.
18. Nafnlaust, blýantur.
19. Nafnlaust, blýantur.
20. Nafnlaust, blýantur.
21. Trúarbrögðin, 1956, járn, tré, kopar.
22. Náttúruöflin, 1957-59, járn.
23. Pýramídisk abstraktion, 1959, járn, kopar.
24. Lokaráð, 1959, járn, kopar.
25. Röntgenminnisvarði, 1960, járn, gler, kopar.
26. Jarðeldur, 1960, járn, kopar.
27. Lífsorka, 1960, járn.
28. Lífsgeisli, 1960, járn, plexigler, kopar.
29. Andlit sólar, 1961, kopar.
30. Ljóðið um rokkinn, 1962, járn, kopar.
31. Eldmessa, 1965, járn, kopar.
32. Tristan og Ísold, 1965, járn, kopar.
33. Andardráttur á glugga, 1967, járn, plexigler.
34. Nafnlaust, um 1975, steinn.
35. Nafnlaust, um 1975, steinn.
36. Nafnlaust, um 1975, steinn.



Ljóðið um rokkinn, 1962.



Tristan og Ísold, 1965.

ABSTRAKT-LIST ÁSMUNDAR SVEINSSONAR

Texti og þulur:
Gunnar B. Kvaran.

Kvikmyndataka:
Páll Reynisson.

Samsetning:
Ísfilm hf.
Guðmundur Arnbjarnarson.

Handrit, klipping og stjórn :
Hope Millington.

Framleiðandi:
© Ásmundarsafn 1988.

KORPUS/STEINDÓRSPRENT

ABSTRAKTLIST ÁSMUNDAR SVEINSSONAR

ABSTRAKT-LIST ÁSMUNDAR SVEINSSONAR

